

úthytun

# UPPBYGGINGAR SJÓÐS

## NORDURLANDS VESTRA

2023



SÓKNARÁÆTLUN  
NORDURLANDS VESTRA



# UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORDURLANDS VESTRA

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Norðurlandi vestra. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024 og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með samkeppnissjóði er átt við að samkeppni milli verkefna ræður úthlutun, þ.e. bestu verkefnin að mati fagráðs hljóta brautargengi, að undangengnu formföstu ferli þar sem umsóknum eru gefnar einkunnir og stig eftir útgefnu matsblaði. Til að koma til greina þurfa umsækjendur að hafa lögheimili á Norðurlandi vestra og verkþættir sem hægt er að sækja um styrk fyrir verða að koma til á árinu 2023.



Á undanförnum árum hefur umsækjendum í Uppbyggingarsjóð fjölgad og verkefni eflst. Það er ánægjulegt að fylgjast með þeirri uppbyggingu sem fylgir slíkum verkefnum og styrkir trú okkar á gildi þess að halda úti öflugum sjóðum sem frumkvöðlar og skapandi fólk getur sótt í, samfélaginu öllu til heilla.

Atvinnuráðgjafar SSNV á svíðum fyrirtækja, ferðamála, nýsköpunar og menningar eru með viðveru á skrifstofum samtakanna á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og Sauðárkróki. Þau veita aðstoð við umsækjendur og styrkhafa Uppbyggingarsjóðs, halda vinnustofur og námskeið og leidbeina eftir bestu getu.

Við hvetjum íbúa svæðisins til að kynna sér þau verkefni sem hafa hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði, sækja viðburði eins og hægt er, fylgjast með atvinnu- og menningarlíf og að sjálfsögðu að hafa samband við ráðgjafa SSNV vardandi þau verkefni sem þeir eru sjálfir með í burðarliðnum.

*F.h. starfsfólks SSNV,  
Katrín M. Guðjónsdóttir,  
framkvæmdastjóri*

# ÚTHLUTUNARNEFND OG FAGRÁÐ



Ársþing SSNV kýs úthlutunarnefnd og tvö fagráð Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra. Hlutverk fagráðanna er að leggja faglegt mat á umsóknir og gera tillögur um styrkveitingar til úthlutunarnefndar.

## Fagráð menningar

- Elín Lilja Gunnarsdóttir, Húnaþingi vestra, formaður
- Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, Skagafjörður
- Steinunn Gunnsteinsdóttir, Skagafjörður
- Valgarður Hilmarsson, Húnabyggð
- Jón Ólafur Sigurjónsson, Skagaströnd

Starfsmaður Fagráðs menningar er Ástrós Elísdóttir, starfsmaður SSNV.

## Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

- Hildur Þóra Magnúsdóttir, Skagafirði, formaður
- Erla Gunnarsdóttir, Húnabyggð
- Gunnsteinn Björnsson, Skagafirði
- Gunnar Tryggi Halldórsson, Húnabyggð
- Rakel Runólfssdóttir, Húnaþingi vestra

Starfsmaður Fagráðs atvinnu- og nýsköpunar er Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmaður SSNV.

## Úthlutunarnefnd

- Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnabyggð, formaður
- Hildur Þóra Magnúsdóttir, Skagafirði, formaður Fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar
- Elín Lilja Gunnarsdóttir, Húnaþingi vestra, formaður Fagráðs menningar.

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra hefur lokið úthlutun þeirra fjármuna sem hann hafði til ráðstöfunar fyrir árið 2023. Til verkefna þessa árs hafa hafa því verið lagðir allnokkrir fjármunir í ýmis konar störf og viðfangsefni í landshlutanum.

Alls bárust 98 umsóknir um styrki að upphæð 180 milljónir króna en til úthlutunar voru um 81 milljón. Eftir skoðun og yfirferð fagráðs menningar annarsvegar og nýsköpunar hins vegr hlutu 77 umsóknir styrki.

# STYRKHAFAR atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Umsóknum í flokk verkefnastyrkja á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar hefur farið fjölgandi á síðustu árum og hefur heimsfaraldur ekki náð að fella hina gróskumiklu vaxtarsprota sem stinga sér upp um allan landshlutann. Fagráðið metur allar umsóknir til einkunna og stiga, byggt á mati á því hvort verkefnið sé m.a. talið líklegt til atvinnusköpunar, fjölgunar starfa, að auka fagmennsku og fjölbreytni í störfum, auk mats á gæðum og raunsæi umsóknar út frá markmiðum og fjárhagsáætlun, og leggur til styrkupphæð út frá samkeppnishæfi umsóknarinnar.

## STYRKPEGI

## VERKEFNI

## UPPHÆÐ

**Íris Björk**

**Marteinsdóttir**

**Spa vörur með íslensku kollageni**

**1.287.500 kr.**

Verkefnið snýst um að þroa Spa húðvörur með íslensku kollageni, kollageni sem er unnið úr þorskroði. Kollagen vörur PellisCol verða náttúrlegar og umhverfisvænar og verða þroðar í samstarfi við Skógarböð ehf.

**María**

**Eymundsdóttir**

**Burnirótarolía**

**446.500 kr.**

Verkefnið snýst um að vinna burnirætur, þurrka og efnagreina til að kanna gæði þeirra. Úr afganginum á að vinna burnirótaolíu og gera hagkvæmnisrannsókn á hversu mikla olíu er hægt að fá úr rótunum á móti hvað þær gefa mikið af þurruðu efni til að átta sig á hvaða vara er verðmætari þegar litid er til magns ferskrar burnirótar sem fer í hana, hlutfall virkra efna og hvaða markaðir eru fyrir vörurnar.

**Pálmi**

**Jónsson**

**Kornhænur - sæklerafæða**

**1.167.000 kr.**

Markmiðið með verkefninu er að fjölga kornhænum og kanna grundvöll fyrir slátrun á þeim. Rækta kornhænur til eggjaframleiðslu og kanna markað fyrir sölu á kornhænukjöti.

**Handbendi**

**Brúðuleikhús**

**Stúdíó Handbendi -**

**Kvikmyndaframleiðsla**

**4.000.000 kr.**

Verkefnið snýst um að framleiða þætti fyrir yngstu áhorfendurna. Þættirnir verða gerdir með tækni brúðuleikhússins og hefur RÚV gefið vilyrði fyrir að bæði sýna þættina og dreifa þeim til stöðvanna á Norðurlöndunum til sýninga.

Störfin sem skapast í þessum geira eru verðmæt, þekkingardrifin og umhverfisvæn.

Nýsköpunin sem í verkefninu felst er algjör, því ekkert slíkt myndver er að finna í landshlutanum, og þó víðar væri leitað.

**Vala  
Stefánsdóttir****Kaffibrennsla á  
Páfastöðum II****1.200.000 kr.**

Markmiðið er að setja upp Kaffibrennslu í Skagafirði, flytja inn og rista úrval af hágæða kaffi og auka þannig úrval matvælaframleiðslu í landshlutanum.

**Elínborg Erla  
Ásgeirsdóttir****Verðmætasköpun með þurkun  
aukaafurða lífrænnar ræktunar****2.007.752 kr.**

Markmið verkefnisins er bæði að stuðla að nýsköpun í matvælaframleiðslu og búa til verðmæti úr afurðum sem annars færð til spillis. Aðallega verður unnið með hliðarafurðir frá kálrækt, hindberjærækt og kryddrækt. Purrkuðu afurðirnar verður hægt að nýta á margvislegan hátt sem hráefni í matargerð og til frekari vörupróunar.

**Elínborg Erla  
Ásgeirsdóttir****Varmagarðar****680.000 kr.**

Leitast verður við að svara því hvort hagkvæmt sé hita upp grænmetisakra undir berum himni ef kaupa þarf aðgang að heitu vatni. Þetta verkefni á að svara því hvort raunhæft sé að hefja tilraunaverkefni.

**María  
Eymundsdóttir****Burnirótaræktun í Alaska,  
námsferð****1.004.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að fara í námsferð til Alaska til að læra um burnirótarræktun. Í Alaska eru aðilar sem hafa ræktad hana síðan 2009 og hafa jafnframt stofnað samvinnufélag burnirótaræktenda .

**Sjávarlítæknisetrið  
BioPol ehf****Fræðslumyndbönd um  
úrbeiningu á ærkjöti****632.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að gera fræðslumyndband um úrbeiningu á ærskrokk. Verkefnið er viðbót við námskeiðin sem haldin hafa verið í Vörusmiðjunni. Fræðslumyndbandinu er ætlað að auka færni og þekkingu smáframleidenda að vinna sitt hráefni úr ærkjöti.

**STYRKPEGI****VERKEFNI****UPPHÆÐ**

<b>Starrastaðir ehf.</b>	<b>Þróun og markaðssetning á ætum rósum</b>	<b>1.617.000 kr.</b>
--------------------------	---	----------------------

Markmið verkefnisins er að halda áfram með vörupróun, umbúðahönnun og markaðssetningu á þeim vörum sem áður var búið að gera tilraunir með og finna út að hentuðu í framleiðslu. P.e. rósatei, rósasultu/sýróp, rósasalti og rósavodka.

<b>Sigurjón Pórðarson</b>	<b>Novasept - Þróun sjálfvirkra mælinga í rotþróum</b>	<b>900.000 kr.</b>
Markmið verkefnisins er að halda áfram þróun mælibúnaðar, miðlun mælinga með fjarskiptabúnaði og úrvinnslu, sem aðilar að verkefninu hafa þróað á síðustu 2 árum. Fyrirsjáanlegur afrakstur verkefnisins er annars vegar að búa til verkfæri til þess að gera rekstur fráveitu í dreifbýli hagstæðari og umhverfisvænni og hins vegar styrkja umsókn aðila á Norðurlandi vestra m.a. Nátturstofunnar í LIFE áætlunin Evrópusambandsins. LIFE áætlunin fjármagnar verkefni sem takast á við umhverfismál.		

<b>Food Smart ehf.</b>	<b>Vörupróun - sæbjúga sem bragð- og fæðubótarefni fyrir Evrópu</b>	<b>3.120.000 kr.</b>
------------------------	---	----------------------

Markmið verkefnisins er þróa og markaðsetja sæbjúgu í duftformi sem fæðubótar- og bragðefni, svokallað umami og kokumi bragð. Umami stendur fyrir einni af fimm helstu bragðskynjunum, ásamt sætu, súru, beisku og söltu. Kokumi er hinsvegar tilfinning um mikil bragð, fyllingu og margbreytileika. Markaðir sem horft er til er Ísland og svo útflutningur til Evrópu.

<b>Ísponica ehf.</b>	<b>Framfarir í auglýsingum fyrir Ísponica ehf.</b>	<b>141.000 kr.</b>
----------------------	--	--------------------

Meginmarkmið þessa verkefnis eru að auka sýnileika Ísponica á netinu og í eigin persónu með því m.a. að bæta starfshætti samfélagsmiðla og skapa aðgengilegra umhverfi fyrir gesti á Ísponica. Einkum er um að ræða auglýsingar og að fá aðstoð sérfræðinga á Íslandi til að ná meiri sýnileika á netinu.

<b>Textílmiðstöð Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi ses</b>	<b>Fjólublár / Living Purple - a sustainable dyeing process usi</b>	<b>1.046.298 kr.</b>
--	---	----------------------

Með það að markmiði að skapa sjálfbært litunarferli fyrir textíl, einblínir þetta verkefni á fjólubláa litarefnisframleiðslu frá bakteríunni *Janthinobacterium lividum*. Í samstarfi við BioPol munu rannsóknir þessar verkefnis leita eftir því að hámarka aðstæður fyrir bakteríuna til að gefa af sér kraftmikinn lit með því að nota ýmis úrgangsefni sem grunn eða miðil fyrir bakteríurnar til að vaxa, og tryggja umhverfislega sjálfbæra framleiðslu litarefnis fyrir textíllitun.

**STYRKPEGI****VERKEFNI****UPPHÆÐ**

<b>Vettvangur íþróttá ehf.</b>	<b>Einstaklingsgreinar, skráning árangurs og úrslita</b>	<b>1.570.000 kr.</b>
--------------------------------	--	----------------------

Verkefnið er að hanna og þróa hugbúnað, vettvang, til að skipuleggja og stýra einstaklingsgreinum á íþróttamótum. Um viðtæka viðbót við League Manager vettvanginn er að ræða sem gefur honum einstæða hæfileika. Enginn algildur hugbúnaður er til sem styður við keppni í bæði einstaklings- og hóþíþróttum. Afraksturinn er einstakur hugbúnaður sem heldur utan um allt er við kemur mótaðaldi í öllum tegundum keppni. Vettvangurinn einfaldar mótaðald og bætir upplifun þátttakenda og aðstandendur.

<b>Friðrik Már Sigurðsson</b>	<b>Lífrænn undirburður - viðskiptaáætlun</b>	<b>496.000 kr.</b>
Verkefnið felst að vinna viðskiptaáætlun hvað varðar framleiðslu undirburðar úr þeim hálmi sem til verður við ræktun á byggi og annari kornrækt. Verkefnið felur einnig í sér framleiðslu nýrra afurða úr öðrum nytjaplöntum sem ræktaðar eru, samhliða framleiðslu undirburðar úr hálmi. Verkefnið er drifið áfram af áhuga, þekkingu og væntingum um að geta framleitt nýjar afurðir úr nytjaplöntum fyrir íslenskan markað.		

<b>Sýndarveruleiki ehf.</b>	<b>Stafrænt tímaferðalag um Gránu</b>	<b>3.730.000 kr.</b>
Markmið verkefnisins er að miðla sögu gömlu búðarinnar í Gránu við Aðalgötu þar sem gestir munu geta ferðast aftur í tímann með hjálp snjalltækja og viðbætts veruleika. Sett verður upp sýning sem miðlar sögu verslunar og þjónustu í húsinu og búin til áhugaverð og skemmtileg upplifun fyrir gesti hússins.		

<b>Sjávarlítftæknisetið BioPol ehf</b>	<b>Hörpuðiskur</b>	<b>1.564.000 kr.</b>
Markmið verkefnisins er að kanna hvort forsendur hafi skapast til að nýta stofn hörpudisks í Húnaflóa. Skelin verður rannsókuð með tilliti til frumdýrasýkingar sem herjaði á stofninn í kringum aldamótin. Í sýnatökuleiðangrum verður kafað eftir skeljum og þær sendar á Keldur, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum. Þá verður lagt mat á sýkingarástand þannig að hægt verði að meta hvort forsendur hafi skapast fyrir nýtingu á þessum mikilvæga stofni.		

# atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

STYRKPEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
<b>Þuríður Helga Jónasdóttir</b>	<b>Vöruþróun til atvinnusköpunar</b>	<b>1.000.000 kr.</b>
	<p>Markmiðið er að fara í vöruþróun til að skapa eigendum varanleg störf. Vöruþróun á þjónustuframbodi fyrirtækisins eflir reksturinn og eykur tækifæri til uppbyggingar. Eigendur vinna að þróun og rannsóknum á vörum sem Verðandi getur boðið upp á og útfærslur á þeim. Framkvæma þarf kannanir á þörf og eftirspurn á starfssvæði fyrirtækisins. Mikilvægt er að fyrirtækið þrói vörur og skilgreini þörf hjá þeim markhópum sem fyrirtækið einbeittir sér að.</p>	
<b>Evelyn Ýr Kuhne</b>	<b>Þjóðarhundur Íslendinga - vöruþróun ferðapjónustuframboðs</b>	<b>1.605.000 kr.</b>
	<p>Verkefnið gengur út á það að þráða vöruframbod ferðapjónustunnar með því að þráða sögusýningu um íslenska fjárhundinn, sem hefur fylgt þjóðinni um allar aldir en var næstum því útdauður í kringum 1950. Þjóðarhundur Íslendinga er vanmetin menningararfleifð og við viljum gera sögu hans sýnilegri og vekja athygli á þessum góðlynda og glaða hundi. Sýningin mun tengjast torfhúsunum á Lýtingsstöðum og kynningu íslenska menningararfs sem þar fer fram fyrir innlenda sem erlenda gesti á heilsársgrundvelli.</p>	
<b>Skagafjörður</b>	<b>Sjónaukar og upplýsingaskilti við ferðamannaperlur</b>	<b>655.000 kr.</b>
	<p>Markmið verkefnisins er að skapa nýja upplifun og gera nýjan „segul“ fyrir ferðamenn á Norðurlandi vestra. Markmiðið með því að skapa nýja upplifun og afþreyingu fyrir ferðamenn er að fá ferðamenn til þess að stoppa lengur og fjölga gistiþóttum á svæðinu. Til þess að ferðamenn stoppi lengur þarf að vinna markvisst að því að auka frambod á fjölbreyttri afþreingu og er það markmið þessa verkefnis.</p>	
<b>Hólmfríður Dóra Sigurðardóttir</b>	<b>Markaðssetning Listakots Dóru</b>	<b>477.500 kr.</b>
	<p>Markmið verkefnisins er markaðssetninr á Listakoti Dóru. Setja á upp skilti úti við þjóðveg eitt, við heimreið og á vinnustofu svo Listakot Dóru verði sýnilegra fyrir ferðamenn. Bættari markaðssetning auðveldar ferðamönnum að rata á vinnustofuna.</p>	
<b>Friðrik Már Sigurðsson</b>	<b>Molda - lífrænn úrgangur og jarðgerð</b>	<b>822.000 kr.</b>
	<p>Verkefnið felur í sér gerð fýsileikakönnunar á uppbyggingu móttökusvæðis sem sérhæfir sig í jarðgerð/moltagerð. Í verkefninu felst markviss nýting á lífrænum úrgangi, meðhöndlun og áframvinnsla hans með það að markmiði að nýta hann áfram sem áburður/ábúrdarefni til ræktunar. Markmið verkefnisins er auka sjálfbærni, studla að bættri meðferð úrgangs, skapa störf og nýta verðmæt hráefni sem annars færur forgordum.</p>	

# atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

STYRKPEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
<b>Sjávarlítæknisetrið BioPol ehf</b>	<b>Seaweed-based fungicides for a sustainable agriculture</b>	<b>1.963.500 kr.</b>
	Markmið verkefnisins er að þróa sveppaeyði úr stórbörungum fyrir sjálfbærana landbúnað. Fyrir utan þróun á sveppaeyðinum verða hýdrókollóíðaþættirnir prófaðir sem staðgönguefnir fyrir fiturefni og vaxefni sem notuð eru til að gera húðvörur okkar á föstu formi stöðugri. Aðra þættir, svo sem prótein og fitur, má nýta sem duft inn í matvæla- og fóðurframleiðslu.	
<b>ahsig ehf.</b>	<b>Héðinsminni</b>	<b>1.286.750 kr.</b>
	Markmiðið með verkefninu er að setja upp árstíðabundna matarupplifun í samstarfi við smáframleidendur matvæla, skapa ný störf og styrkja svæðið. Hefja til vegs og virðingar vannýtt félagsheimili sem stendur við þjóðveginn með því að opna nýjan þjónustu- og áfangastað. Skapa vettvang fyrir matarunnendur og nýta sérstöðu, þekkingu og mannaud sem mun koma að mismunndi verkefnum.	
<b>Skotta ehf</b>	<b>"Velkomnir í Síkið"</b>	<b>1.115.000 kr.</b>
	Markmið verkefnisins er að búa um klukkutíma langt sjónvarpsefni um stuðningsmannasveit körfuboltaliðs ungmennafélagsins Tindastóls. Í sjónvarpsþættinum verður varpað ljósi á körfuboltamennenninguna í kringum Meistaradeildarlið Tindastóls á Sauðárkróki og stuðningsmannasveit þeirra Gretti, sem hefur vakið landsathygli. Velgengni körfuboltaliðsins og stuðningsmannasveitin verður nýtt í til að kynna, samfélagið innviði og íþróttir og menningu á svæðinu. Áhersla verður á að skapa jákvæða ímynd.	
<b>Ragnar Helgason</b>	<b>Ró CBD</b>	<b>862.500 kr.</b>
	Markmið Ró CBD er að stofna fyrirtæki og skapa störf á Norðurlandi vestra með því að bjóða upp á hágaða CBD olíur á samkeppnishæfum verðum með ókeypis heimsendingu um allt land. Með CBD olíum er hægt að vinna á hinum ýmsu kvillum og stuðlað að betri vellíðan og ró.	

# atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

STYRKPEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
<b>Herdís Þórunn Jakobsdóttir</b>	<b>Kayakleiga á Skagaströnd</b>	<b>818.230 kr.</b>
	Markmið verkefnisins er að skapa störf á Skagaströnd í afþreyingatengdri ferðaþjónustu. Til stendur að koma upp kayakleigu á Skagaströnd. Starfsemin mun auka fjölbreytni í þjónustu við ferðamenn og heimafólk.	
<b>Stefanía Hjörðís Leifsdóttir</b>	<b>Uppruni og sérstaða ísl. búfjártegunda, miðlun upplýsinga.</b>	<b>1.070.000 kr.</b>
	Á Brúnastöðum í Fljótum er rekin fjölþætt starfsemi í ferðaþjónustu, útleiga húsa, rekstur lítillar sveitabúðar með veitingasölu á sumrin og húsdýragarður. Markmið verkefnisins er að stórbæta allar merkingar varðandi þau dýr sem má finna í gardinum, ekki síst íslenska búfjárstofna, uppruna, sögu og verndargildi.	
<b>Viðburðaríkt ehf.</b>	<b>Upp'á palli, inn'í tjaldi, út'í fljóti - hlaðvarp</b>	<b>1.000.000 kr.</b>
	Markmið verkefnisins er að rannsaka og miðla fróðleik um sögu íslenskra útihátíða. Hugmyndin gengur út á að framleiða 6 hlaðvarpsþætti til að miðla þessum fróðleik og kynna þar bæði afrakstur heimildavinnu sem ætlunin er að ráðast í, auk þess sem tekin verða viðtöl við fjöldi fólks sem upplifði þessar hátíðir. Þannig er verkefninu ætlað að fræða, upplýsa og varpa nýju ljósi á þessar hátíðir sem áttu sinn blómatíma á tímabilinu 1070-1990 en lifðu í einhverri mynd fram á þessa öld.	
<b>Sjávarlítftæknisetrið BioPol ehf</b>	<b>Gæludýranammi</b>	<b>657.500 kr.</b>
	Markmið verkefnisins ganga út á að framleiða þurrkaðar afurðir úr grásleppuhvelju til markaðssetningar á gæludýramarkaði.	

# STYRKHAFAR

## Menningarverkefni

Flestar umsóknir berast árlega í flokk verkefnastyrkja á sviði menningar, sem er til marks um blómlegt og fjölbreytt menningarlíf svæðisins. Úr vöndu er að ráða vegna fjölda umsókna miðað við fjármagnið til umráða. Við yfirferð umsókna er m.a. lagt mat á listrænt og menningarlegt gildi verkefnisins fyrir svæðið, hversu vel verkefnið falli að áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra, líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum, gæði umsóknar með tilliti til verkefnalýsingar, rökstuðnings, skýrleika og raunsæis markmiða og fjárhagsáætlunar og hversu líklegt sé að verkefnið muni ná fram að ganga.

**STYRKPEGI**

**VERKEFNI**

**UPPHÆÐ**

## Bókmennitir / fræðirit / margmiðlun

**Byggðasafn**

**Skagfirðinga**

**Vetrardagur í Glaumbæ -**

**myndskreytt barnabók**

**1.000.000 kr.**

Byggðasafn Skagfirðinga gaf út barnabókina Sumardagur í Glaumbæ árið 2021. Kastljósinu var að mestu beint að Sigga og þeim lífsháttum sem einkenndu hefðbundinn sumardag á Íslandi í gamla daga. Markmiðið er að segja framhaldssöguna Vetrardag í Glaumbæ og að fjalla nú um Jóhönnu og draga upp mynd af lífi fólks í torfbæjum að vetri til.

**Handbendi**

**Brúðuleikhús**

**Puppetry and the Rural Artist**

**700.000 kr.**

Tilgangur verkefnisins er að gefa út bók um Handbendi brúðuleikhús – fyrsta og eina Eyrarrósarhafa Norðurlands vestra. Bók þessari er bæði ætlað að vera markaðssetning fyrir fyrirtækið, en slík útgáfa er mjög algeng hjá þeim erlendu brúðuleikhúsum. Bókin mun einnig vera mikilvæg heimild til framtíðar litid, þar sem hún mun fjalla um sögu leikhússins og verkferla þess, öðrum til fróðleiks, skemmtunar og eftirbreytni.

**USAH, Ungmennasamband Húnavökurit 2023**

**350.000 kr.**

**Austur-Húnvetninga**

Ársritið *Húnavaka* hefur verið gefið út samfellt frá 1961 með það að markmiði að halda úti menningar- og upplýsingariti um Austur-Húnvatnssýslu að fornu og nýju, vardveita söguna og miðla henni til fólks, bæði innan héraðs og utan. Efni ritsins er með svipuðu snidi á hverju ári en þar má finna viðtöl, kvedskap, ferðalýsingar, smásögur, greinar, fréttir frá fyrirtækjum og félagasamtökum, minningargreinar um látna Húnvetninga og myndir bæði af nýfæddum Húnvetningum og fermingarbörnum.

**USVH, Ungmennasamband Húni 44. árgangur**

**350.000 kr.**

**Vestur-Húnvetninga**

Á árinu 2023 mun 44. árgangur *Húna* koma út. Í ritinu er ýmis fróðleikur úr héraði sem safnað er saman yfir árið af fjögurra manna ritnefnd, sem einnig tekur viðtöl og hefur samband bæði við fasta pistlahöfunda sem nýja. Medal efnis eru viðtöl, frásagnir, greinar, ljóð, fréttapistlar úr Húnaþingi vestra auk minningargreina um látna og ýmiss annars efnis og fróðleiks. Ritinu er dreift til áskrifenda og það selt í lausasölu.

## Menningartengd ferðaþjónusta

**Guðbrandur Ægir  
Ásbjörnsson**

**Rauða loftið**

**900.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að setja af stað tónlistarviðburð sem gæti orðið árviss. Beina athygli að Jónsmessunni og þeim töfrum sem fylgja því að sólin sest ekki. Hugmyndin er að vera med tónleika út við Drangey á miðnætti á Jónsmessu.

## Menningararfur / safnamál

**Húnabyggð**

**Þverfaglegt samstarf safna, setra og  
sýninga á Norðurlandi vestra**

**500.000 kr.**

Samstarfsverkefni fyrir öll söfn, setur og sýningar á Norðurlandi vestra til að auka gæði og fagmennsku í safnastarfi á svæðinu. Um er að ræða þriggja ára átaksverkefnis til að fá söfn og setur á svæðinu til að auka samvinnu sín á milli m.a. hvað varðar þekkingu og fræðslu, kynningarmál, stefnumörkun og rannsóknir og er unnið eftir tillögum sem komu fram í skýrslunni „Samstarf og sóknarfæri safna á Norðurlandi vestra“ í júní 2021.

## Myndlist / ljósmyndalist

**Menningarfélag  
Húnaþings vestra**

**Styttan af Rósu,  
hönnun og kynning**

**1.200.000 kr.**

Lokamarkmið verkefnisins er að reisa stytta til heiðurs Skáld-Rósu á Hvammstanga. Hér er um að ræða fyrsta skref þeirrar vegferðar, þar sem styttan verður hönnuð og fundinn staður, gerð smámynd, og söfnun fyrir styttonni sjálfri hafin. Myndhögvarinn Ragnhildur Stefánsdóttir hefur tekið að sér verkið, en hún hefur m.a. gert styttna af Ingibjörgu H. Bjarnason við skála Alþingis, styttna af Jóni Ósmann ferjumannni við Héraðsvötnin í Skagafirði auk fjölda annarra verka.

**Hólmfríður Dóra  
Sigurðardóttir**

**Óskasteinninn  
í Tindastóli**

**400.000 kr.**

Málverkasýning þar sem hópur listamanna tekur fyrir sömu þjóðsöguna Óskasteinninn í Tindastóli og þeir nota veturnar til að vinna verkið heima og skila í syningarsalinn fyrir sýningu. Markmiðið er að sýna áhorfendum þjóðsögur og staði í myndlistarformi sem listamennirnir túlka hver á sinn hátt. Ólík sýn listamannanna ýtir við hugmyndaflugi áhorfandans og löngun að skoða nánar og kynnast svæðinu.

## Tónlist

**Félag eldri borgara  
Húnabingi vestra**

**Vor- og jólatónleikar 2023**

**450.000 kr.**

Stefnt er að því að halda áfram úti öflugu söngstarfi meðal eldri borgara í Húnabingi vestra og miðla afrakstrinum til samfélagsins. Helstu verkefni á árinu eru æfingar og undirbúningur fyrir tvenna tónleika, annars vegar að vorlagi og hins vegar fyrir jól á Hvammstanga 2023.

**Malen Áskelsdóttir**

**Kántrýkvöld**

**600.000 kr.**

Tónleikarnir Kántrýkvöld verða haldnir í Skagafirði, voríð 2023. Lifandi sveitatonlist verður flutt af ungu Skagfirsku tónlistafólki – frumsamin lög í bland við lög sem allir geta sungið með. Markmið tónleikanna er að efla menningarlífð í Skagafirði, ásamt því að koma tónlistarfólki úr heimabyggð á framfæri.

**Jóhann Daði  
Gíslason**

**Jólin heima**

**1.500.000 kr.**

Jólatónleikarnir Jólin heima eru skagfirskir jólatónleikar sem hafa það að markmiði að færa jólaandann til fólksins í samfélaginu. Á tónleikunum kemur fram tónlistarfólk alls staðar að úr Skagafirði, ungu og efnilegu tónlistarfólki er gefið tækifæri til að koma fram og syngja fyrir fullum sal ásamt þeim sem reynslumeiri eru. Á tónleikunum eru bæði spiluð frumsamin jólalög og þau sem allir kunna og geta sungið með. Þetta verður þriðja árið í röð sem tónleikarnir eru haldnir.

**Skagfirski kammerkórinn**

**Sumarnótt**

**350.000 kr.**

Líkt og undanfarin ár eru verkefni Kammerkórsins með hefðbundnu sniði og felst í því að bjóða upp á kórtónleika nokkrum sinnum á ári. Kórinn leggur áherslu á að syngja tónlist án undirleiks, oft lög eða tónverk sem teljast til óhefðbundnari kórtónlistar, bæði eldri og yngri tónsmíðar.

**Sigvaldi Helgi  
Gunnarsson**

**Útgáfa á smáskífu og  
útgáfutónleikar**

**600.000 kr.**

Markmiðið er að gæfa út 4-5 laga smáskífu með frumsömdum textum og lögum eftir Sigvalda Helga Gunnarsson. Þá verður einnig stefnt að því að halda útgáfutónleika þegar skífan hefur litið dagsins ljós.

**STYRKPEGI****VERKEFNI****UPPHÆÐ****Karlakórinn Heimir****Karlakórinn Heimir -  
Tónleikahald 2023****300.000 kr.**

Karlakórinn Heimir var stofnaður í lok desember árið 1927 og hefur megnið af starfstíma sínum verið einn af hornsteinunum í menningarlíf Skagafjarðar. Á árinu liggja fyrir æfingar og undirbúningur fyrir skipulagða tónleika kórsins sem félagar hlakka til að flytja að vori á 2-3 stöðum á Norðurlandi vestra. Leiðarljós kórsins er að tónlistarflutningur sé ávallt bæði vandaður og með mikil afþreyingargildi.

**Kvennakórinn  
Sóldís Skagafirði****Eitt lag enn****1.000.000 kr.**

Markmiðið með starfseminni er að stuðla að góðri og faglegri kórmenningu í Skagafirði og nærsveitum og vera snar þáttur í menningarhefð á Norðurlandi vestra. Konur eru þjálfaðar í að syngja saman sem og í röddum og nýjar konur reglulega teknar inn í kórinn.

**Heimilisiðnaðarsafnið  
Blönduósi****Stofutónleikar  
Heimilisiðnaðarsafnsins****300.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að stuðla að fjölbreytni í menningarlíf héraðsins og hafa mótandi áhrif á menningarlíf á Norðurlandi vestra sem og að efla nýsköpun og frumkvæði. Heimilisiðnaðarsafnið stendur fyrir Stofutónleikum í safninu rétt eins og í nokkur undanfarin ár. Leitast hefur verið við að hafa tónleikana ólíka frá ári til árs og má þar nefna: dægurtónlist, sinfoníutónlist, þjóðlagatónlist, óperutónlist, píanótónlist, flaututónlist og kammertónlist.

**Skíðadeild UMF  
Tindastóls****Tindastuð****2.000.000 kr.**

Tinda-stuð verður halddið í þriðja sinn í mars 2023. Boðið verður upp á kvöldskíðun á meðan þekktir tónlistarmenn halda uppi stemmningunni í miðri brekkunni. Viðburðurinn er einstakur að því leyti að tónleikarnir eru haldnir í fjalli og hægt að skíða meðan á þeim stendur. Mikil áhersla er lögð á góða markaðssetningu, en með Tinda-stuði er unnið að kynningu á skíðasvæði Tindastóls, Skagafirði og Norðurlandi vestra sem spennandi vetraráfangastað og stuðlað að framgangi skíðaiþróttarinnar.

**Kristín Guðmundsdóttir****Norðanpaunk 2023****1.300.000 kr.**

Norðanpaunk er ættarmót paunkara á Íslandi. Markmið Norðanpaunks er að vera vettvangur fyrir hljómsveitir sem eru of óvanalegar eða skrýtnar fyrir aðra tónleikastaði. Norðanpaunk leggur áherslu á að veita ungum, óvanalegum, íslenskum hljómsveitum brautargengi með aðstoð útvaldra erlendra gesta.

## Listhönnun

**Heimilisiðnaðarsafnið  
Blönduósi**

**Sumarsýning  
Heimilisiðnaðarsafnsins**

**300.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að gæfa íslensku textíllistafólki möguleika á að sýna list sína. Að auka fjölbreytileika á sýningarflóru Heimilisiðnaðarsafnsins. Að skapa umfjöllun um safnið og veita safngestum nýja og fjölbreytta sýn á margskonar handíð og hvernig hægt er að nýta safnkostinn sem uppsprettu hugmynda og nálgun.

## Blönduð menningardagskrá

**Unglist í Húnaþingi**

**Eldur í Húnaþingi**

**1.000.000 kr.**

Markmið Elds í Húnaþingi er fyrst og fremst að stuðla að samfélagslegri þátttöku en markmið hátíðarinnar er að vera staður og stund fyrir bæði heimafolk og aðkomufolk til að sjá og taka þátt í því sem Húnaþing vestra hefur upp á að bjóða, t.d. á sviðum lista, menningar og íþróttu.

**Slysavarnadeildin  
Skagaströnd**

**Hetjur Hafssins**

**840.000 kr.**

Sjómannadeginum hefur verið fagnað á Skagaströnd frá 1938 og dagskrá borin uppi af áhugasömu fólk í sjálfböðalidastarfi á vegum Björgunarsveitarinnar, með það að markmiði að heiðra sjómenn fyrir þeirra fórnfusu störf. Hátíðahöldin hafa eflst og er Hetjur hafssins nú sú bæjarhátíð sem best hefur fest sig í sessi á Skagaströnd. Meðal dagskrárlíða eru tónleikar, myndlistarsýning heimamanna, sögusigling um Húnaflóa, sjómannadagsmessu og sjómanna-leikir, en allir aldurshópar geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

**Erla María Lárusdóttir**

**Menningarviðburðaröð  
í Bjarmanesi**

**400.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að auka frambod á menningarviðburðum á Skagaströnd. Lögð verður áhersla á að stilla miðaverði í hóf svo sem flestir eigi kost á því að njóta viðburðanna. Viðburðadagskráin mun einnig glæða lífi í Bjarmanes, eitt af elstu og fallegustu húsum Skagastrandar.

**Húnabyggð****Húnavaka****600.000 kr.**

Húnavaka er menningar- og fjölskylduskemmtun sem haldin er árlega þriðju helgina í júlí á Blönduósi, frá fimmtudegi til sunnudags. Hún á sér langa sögu sem menningarviðburður í heraði, með viðburðum þar sem bæjarbúar og aðrir gestir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Helsta áherslan er á tónlist og barna- og fjölskylduskemmtun. Íslendingar ferðast mikil innanlands yfir sumarmánuðina og er tilgangur *Húnavöku* einnig að fá fjölskyldufólk til að stoppa og njóta þess sem heraðið hefur upp á að bjóða.

**Íbúa- og  
átthagafélag Fljóta****Félagsleikar Fljótamanna****300.000 kr.**

Félagsleikar Fljótamanna er samveru- og menningarháttíð Fljótamanna, hollvina og gesta, með það að markmiði að rifja upp sögu og félagsstarf í Fljótum og hafa gaman saman. Efnt verður til ýmissa viðburða s.s. dögurðarfundar, Íslandsmóts í félagsvist, víðavangshlaups, gönguferða og síðast en ekki síst tónlistarviðburða. Allur ágóði rennur í góð málefni í Fljótum. Sannkölluð hæglætisháttíð um verslunarmannahelgi.

**Nes listamiðstöð ehf.****Light Up 2023****2.000.000 kr.**

Markmiðið er að koma á fót skapandi verkefni með því að auglýsa eftir umsækjendum og velja listamenn til vinna með ljós og lýsing. Verkefninu er ætlað að verða hluti af vetrardagskrá NES listamiðstöðvar og ætlað að "lýsa upp" vetrardaga, á mismunandi stöðum á Skagströnd, í nóvember 2023.

**Menningarfélag Gránu****Kynslóðir kynnast á  
kvöldvökum í Gránu****800.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að auðga menningararlíf eldri borgara á Norðurlandi vestra með því að búa til viðburði sem höfða til þeirra um leið og viðburðunum er ætlað að miðla fróðleik um fyrri tíð og menningararf síðustu aldar til yngra fólks. Með því móti er ætlunin að kynslóðirnar sameinist á fjölbreyttum viðburðum í Gránu á Saudárkróki.

## Fræðsla / námskeið

**Þuríður Helga Jónasdóttir****Hringrásarhátíð  
Verðanda Hofsói****700.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að halda Hringrásarhátíð Verðanda sem mun standa yfir í þrjá daga til þess að vekja athygli á nauðsyn þess að draga úr neyslu og að nýta betur það sem til er. Það verður gert með því að fræða og leidbeina, skemmta og skrafa í skapandi umhverfi og fallegrí náttúru.

**Byggðasafn Skagfirðinga****Námskeið í torfhleðslu: varðveisla  
og miðlun menningararf****300.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að bjóða upp á tvenn námskeið í torfhleðslu í Skagafirði. Námskeiðin eru öllum opin og engrar forkunnáttu er krafist. Lögð er áhersla á torfhleðslu og gert verður við torfveggi í gamla bænum en jafnframt er kennd bæði torfstunga og -rista og farið yfir helstu gerðir torfs.

**Nes listamiðstöð ehf.****Artists in Schools  
Program 2023****780.000 kr.**

Nes listamiðstöð hefur tekið þátt í og deilt út mismunandi listaverkefnum í samstarfi við skóla frá árinu 2013 og stefnir að 6-8 listamannaheimsóknum á árinu, að lágmarki. Undanfarin ár hafa nemendum gefist tækifæri til að örðlast reynslu í framkomu, ljósmyndun, kvíkmyndagerð, hreyfilist, tónlist, handverki, skapandi skrifum og dansi.

## Leiklist og aðrar sviðslistir

**Leikflokkur Húnabjings vestra****Himinn og jörð****1.040.000 kr.**

Stefnan er að leiða saman frábærar og hæfileikaríkan hóp Húnvetninga sem í sameiningu munu setja upp söngleikinn Himinn og jörð byggðan á handriti eftir Ársæl Guðmundsson og með lögum Gunnars Pórðarsonar. Ráðinn verður danshöfundur til að útsetja dansa við lögini fyrir hópinn. Leikflokkurinn vill efla þátttöku íbúa í Húnabjungi vestra við sviðslistir og tilfallandi störf vegna þeirra og bjóða áhorfendum upp á frumsaminn söngleik með fyndnum og dramatískum söguþræði, söng, dans og leik.

**Nemendafélag  
Fjölbaut Sauðárkr****Leikrit NFN 2022****350.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að setja upp sýningu nemendafélags Fjölbautarskóla Nordurlands vestra. Leikritið er sýnt í Bifröst á Sauðárkróki og með viðburðinum gefst nemendum tækifæri á að koma sér á framfæri með t.d. söng, leik, undirspili og fl. Einnig er markmið leikritsins að leyfa nærsamféluginu og öðrum sem hafa áhuga á að fylgjast með menningarstarfi innan skólans.

## STYRKPEGI

## VERKEFNI

## UPPHÆÐ

## Leikfélag Sauðárkróks

## Benedikt búálfur

700.000 kr.

Markmið verkefnisins er að setja upp barnaleikritið Benedikt búálf á haustdögum 2023. Leikfélag Sauðárkróks vill uppfylla sterkar væntingar samfélagsins um setja upp barna og fjölskylduleikrit þar sem fjölskyldan fær tækifæri til að upplifa saman skemmtilegan menningarviðburð í heimahéraði. Einnig að gefa fólk kost á að taka þátt í verkefninu sem þátttakandi þar sem leikhúslíf í firðinum er afar blómlegt og einnig lærdómsríkt.

## Leikfélag Sauðárkróks

## Á svið

700.000 kr.

Markmið verkefnisins er að setja upp farsa í Sæluviku Skagfirðinga í apríl 2023. Leikfélag Sauðárkróks vill uppfylla sterkar væntingar samfélagsins um að taka þátt í menningarlífi Skagfirðinga sem og að gefa fólk kost á að taka þátt í verkefninu hvort sem er sem þátttakandi eða áhorfandi.

## Leikfélag Hofsóss

## Leikárið 2023

700.000 kr.

Markmið verkefnisins er að efla menningarstarfsemi á landsbyggðinni, að gefa meðlimum leikfélagsins kost á að takast á við krefjandi en jafnframt gefandi verkefni sem felst í upsetningu á leikriti í fullri lengd. Og að síðusti að gefa þátttakendum verkefnisins kost á leiðsögn fagmenntaðs leiðbeinanda.

# STYRKHAFAR

## Stofn og rekstrarstyrkir

Stofn- og rekstrarstyrkir eru veittir til safna, setra og listamiðstöðva á sviði menningarmála, séu stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihluta eigu ríkis eða sveitarfélaga ekki leiðandi aðilar í rekstrinum. Meðal skilyrða sem söfn og setur þurfa að uppfylla til að þau komi til greina við úthlutun er að þau séu rekin með þeim hætti að opið sé fyrir ferðamenn a.m.k. júní, júlí og ágúst ár hvert, lágmark 4 klst. á dag, sex daga vikunnar. Listamiðstöðvar skulu taka á móti íslenskum og erlendum listamönnum til lengri eða skemmrí dvalar árið um kring. Styrkur er ákvarðaður út frá þeirri upphæð sem óskað var eftir og með það í huga hvert listrænt og menningarlegt gildi viðkomandi reksturs er fyrir svæðið.

### STYRKPEGI

### UPPHÆÐ

#### Búminjasafnið Lindabæ

**550.000 kr.**

Búminjasafnið Lindabæ, áhugamannafélag, hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til áframhaldandi reksturs, sýningahalds og kynningar á Búminjasafninu, sem lætur gera upp sjaldgæfar, gamlar dráttarvélar og tæki sem tengjast þeim (t.d. sláttuvélar og skúffur), sem og aðra gamla búmuni. Safnið hefur til sýnis vélar, tæki og tól sem gjörbreyttu heyskaparaðferðum og vinnulagi bænda (t.d. mjaltavélar) á sl. öld. Pannig viðheldur safnið þekkingu á kaflaskilum í sögu landbúnaðar á Íslandi.

#### Digital horse ehf. - Lundinn og vinir hans

**600.000 kr.**

Digital Horse hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að markaðssetja frekar og kynna sýninguna Puffin and friends, gera hana aðgengilegri fyrir ferðamenn, lengja opnunartíma og uppfæra sýningarbúnað félagsins, í von um að fjölga aftur gestum sem síðan muni skila sér í auknum tekjum til þess að geta frekar treyst rekstur félagsins og styrkt grundvöll fyrir áframhaldandi starfsemi og fjölgun stöðugilda, bæði innan félagsins og í afleiddum störfum.

#### Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi

**900.000 kr.**

Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að efla faglega starfsemi safnsins og treysta rekstur þess. Heimilisiðnaðarsafnið er eitt þriggja viðurkenndra safna á Norðurlandi vestra og sérstaða þess mikil á landsvísu. Sem menningarstofnun sem gegnir margþættu hlutverki, við sýningahald, rannsóknir, fræðslu og miðlun menningar, mun safnið áfram leggja áherslu á öll þessi atríði, en einnig verður farið í nauðsynlegar framkvæmdir vegna viðhalds.

#### Kakalaskáli ehf. - Sögu- og listasýningar - heildarupplifun

**1.900.000 kr.**

Kakalaskáli hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til áframhaldandi reksturs Kakalaskála þar sem sögu Sturlungaalda er miðlað í gegnum sögu- og listasýningu með hljóðleiðsögn, með kastljósi á sögu Þórðar kakala. Sýningin er unnin af 14 listamönnum frá 10 þjóðlöndum. Á staðnum er einnig útilistaverk Sigurðar Hansen: Sviðsetning Haugsnesbardaga 1246. Kakalaskála er ætlað að vera góð viðbót við menningarflóruna í Skagafirði, sem jafnframt styður við aðra áfangastaði í nágrenninu.

**Menningarfélagið Spákonuarfur****1.800.000 kr.**

Menningarfélagið Spákonuarfur hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til reksturs Spákonuhofsins á Skagaströnd þar sem boðið er upp á sýningu og söguleiðsögn um Þórdísi spákonu, spár og spádóma. Markmið fyrir árið 2022 eru m.a. að halda áfram sýningarhaldi, viðhaldar sagnaarfinum, starfrækja upplifunar- og þátttökuferðamennsku og taka þátt í uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu, en einnig að efla aðra menningarstarfsemi sem Menningarfélagið Spákonuarfur stendur fyrir.

**Nes listamiðstöð ehf.****1.100.000 kr.**

Nes listamiðstöð hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að geta í ljósi stöðu sinnar sem ein stærsta og vinsælasta listamiðstöð landsins áfram boðið listamönnum hvaðanæva að upp á vandaða dvöl nærsamféluginu til heilla. Mikilvægustu verkefni ársins verða að tryggja að reksturinn nái jafnvægi á árinu eftir tekjulækkun í kjölfar Covid með það fyrir augum að byggja upp efnahagslega sjálfbært rekstrarmódel næstu árin, án þess að grípa þurfi til mikilla hækkaná á dvalargjöldum.

**Ós Textíllistamiðstöð****1.100.000 kr.**

Ós Textíllistamiðstöð hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að styrkja stodir sínar með markvissri kynningu á þeim nýju möguleikum sem eru í boði bæði hvað varðar gistingu og vinnuadstöðu. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna fyrir hópum og nemendum, erlendum og íslenskum, sem eru að vinna að lokaverkefnum að nú geti skóla- og/eða samstarfsfélagar leigt saman hús og að fjölbreyttir möguleikar við rannsóknir og hönnun textíls séu í boði, allt frá hefðbundnu handverki til stafrænnar tækni.

**Selasetur Íslands ehf.****1.800.000 kr.**

Selasetur Íslands hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að styðja við sérstöðu sína sem safn, upplýsingamidstöð, ferðaskrifstofa og rannsóknarsetur á Hvammstanga. Markmið safnsins og áherslur á árinu verða m.a. að auka og bæta fræðslu og þjónustu til almennings/ferðamanna, að efla markaðssetningu og samstarf við aðra þjónustuaðila á Norðurlandi sem og á landsvísu, auk fleiri áhersluatriða.

**Stóragerði ehf. - Samgöngusafnið****1.800.000 kr.**

Stóragerði hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að efla og styrkja rekstur Samgöngusafnsins í Stóragerði sem ferðamannastaðar í Skagafirði og í leiðinni styrkja ímynd Norðurlands vestra sem áfangastaðar sem áhugavert sé að ferðast um og skoða. Meðal þess sem áhersla verður lögð á þetta árið er bætt þjónusta við gesti, aukin markaðssetning, uppgerðir, viðhald og fjárfesting í nýjum sýningargripum auk ýmissa annarra verkefna.

**Sýndarveruleiki ehf. - 1238 Baráttan um Ísland****1.800.000 kr.**

Sýndarveruleiki hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að treysta starfsemi sýningaránnar 1238 - Baráttan um Ísland þar sem gestum gefst kostur á að upplifa söguna á nýstárlegan hátt og stíga inn í sögusvið Öryggstaðabardaga með gagnvirkum upplifunarþáttum sem veita spennandi innsýn og fræðslu um Sturlungaöldina, í bland við hefðbundna sýningarnálgun. Í húsnæði sýningaránnar rekur sveitarfélagið Skagafjörður upplýsingamiðstöð fyrir ferðafólk og þar er einnig minjagripaverslun og Grána Bistró.

**Handbendi brúðuleikhús ehf.****1.900.000 kr.**

Handbendi brúðuleikhús ehf. hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til uppbyggingar á listamannadvöl ætlaða brúðulistamönnum. m. Verkefnið byggir þannig á, og styður við, þá sérstöðu sem Handbendi brúðuleikhús (fyrsti og eini Eyrarrósarhafi Nordurlands vestra) hefur markað landshlutnum sem hjarta brúðulistar á Íslandi. Ætlunin er fyrst og fremst að laða erlenda listamenn að. Vinnuaðstaða listamannanna verður í Stúdío Handbendi, 250 fermetra iðnaðarhúsnæði á Hvammstanga sem Handbendi keypti og gerði upp.

**Verslunarminjasafn á Hvammstanga****750.000 kr.**

Verslunarminjasafnið á Hvammstanga hlýtur stofn- og rekstrarstyrk til að styðja við rekstur og uppbyggingu safnsins, sem varðveitir og sýnir sögu og gamla muni sem tengjast verslunarháttum í Húnaþingi vestra. Aðgangur á safnið er án endurgjalds og rekstur safnsins ekki í hagnaðarskyni. Það var stofnað árið 1996 og hefur ætíð haft hluta sinna af umboðssölu á handverki frá handverks- og listafólki í héruði.



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS VESTRA

SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

**ssnv**